

6. gr.

Refsiákvæði.

- 6.1. Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ**um tilkynningarskyldu.**

1. gr.

Orðaskýringar:

Flugstjóri: Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugumferðarþjónustudeild: Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugverji: Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Loftfar: Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

2. gr.

Almennt.

Skýlt er að tilkynna um eftirfarandi atriði:

- a) flugslys (sjá gr. 3),
- b) þegar loftfar verður fyrir óhappi eða skemmdum sem koma í ljós á flugi eða þegar skemmdir eða gallar finnast við skoðun og viðhald og hafa áhrif á loft hæfi loftfars (sjá gr. 4),
- c) önnur atvik eða atburði en flugslys, óhöpp, skemmdir eða galla er um getur í lið a) og b) þegar áhöfn, farþegar eða loftfar hafa verið í háska (sjá gr. 5),
- d) frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum (sjá gr. 6),
- e) stórfellt lögbrot framið í loftfari eða ef flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig (sjá gr. 7).

3. gr.**Flugslys.**

- 3.1. Flugslys er skilgreint sem atburður tengdur notkun loftfars og á sér stað frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði, þar sem:
- a) mannlát verður eða stórfelld meiðsl á mönnum vegna veru þeirra í loftfari eða á eða vegna beinnar snertingar við loftfar eða hluti tengda því, eða
 - b) loftfar verður fyrir stórfelldum skemmdum.
- Ath. 1: Með stórfelldum meiðslum er átt við meiðsl sem hafa í för með sér legu eða sjúkráhúsvist og hjúkrun í meira en 48 klst. fyrstu 7 sólarhringana eftir slysið.
- Ath. 2: Þegar smávægileg eða engin meiðsl hafa orðið á mönnum og þegar skemmdir á loftfari takmarkast við hreyfla, tæki, loftskrúfur, vængenda, hjólbarða, hjól og hemla, smávægilegar dældir eða göt á klæðningu eða dúk og hafa ekki valdið frekari skemmdum er ekki litið á atburðinn sem flugslys, heldur óhapp (sbr. 4. gr.).
- 3.2. Ofan greint skal tilkynna flugumferðarþjónustudeild eða loftferðaeftirliti þegar í stað.
- 3.3. Flugstjóra loftfars ber að fullnægja tilkynningarskyldu. Ef honum er það ekki unnt hvílir tilkynningarskyldan á eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars.

4. gr.**Óhöpp, skemmdir og gallar.**

- 4.1. Hér er átt við:
- a) Þess konar óhöpp sem loftfar verður fyrir eða skemmdir og galla á eða í því eða búnaði þess, sem hafa áhrif á flughæfi loftfarsins, án þess að um flugslys sé að ræða sem eiga sér stað eða verða uppvis frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði.
 - b) þess konar skemmdir eða gallar sem ekki eru taldir venjulegir en skipta verulegu máli fyrir lofthæfi loftfars eða búnað þess og koma í ljós við viðhald og/eða skoðun eða gerast á jörðu vegna árekstrar, veðurfars, eldsvoða eða af öðrum orsökum.
- 4.2. Tilkynna ber óhöpp eða skemmdir eða galla ef þau hefðu getað valdið alvarlegri hættu á flugslysi eða ef þau benda til þess að meiri háttar galli sé á loftfari.
- 4.3. Tilkynna ber ofan greint eins fljótt og unnt er en þó ekki síðar en 72 klst. eftir að atvikið átti sér stað.
- 4.4. Tilkynningarskylda hvílir á flugstjóra eða eiganda/umráðanda (notanda) loftfars.

5. gr.**Önnur atvik eða atburðir en flugslys, óhöpp og skemmdir eða gallar.**

- 5.1. Hér er átt við önnur eða annars konar atvik eða atburði en um getur í gr. 3. og 4., þar sem loftfar eða fólk um borð hefur verið í greinilegum háska, og eiga sér stað eða verða uppvis frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði.
- a) legið hefur við árekstri milli loftfara í lofti,

- b) komið hafa upp skyndileg veikindi eða önnur forföll flugverja, eftir að flug er hafið, svo að hann getur ekki rækt starf sitt sem skyldi,
 - c) orðið hafa mistök hjá flugumferðarþjónustu eða veðurþjónustu,
 - d) orðið hefur bilun eða komið hefur fram galli á fjarskiptatækjum og öðrum hjálpartækjum flugs á jörðu niðri, svo og ef flugkort reynast röng eða ekki fullnægjandi,
 - e) loftfar hefur verið ranglega hlaðið.
- 5.2. Tilkynna ber atvik og atburði, sem gerast innan íslenskrar lögsögu, þar sem alvarleg hættu á flugslysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið sem til þess bendir að meiri háttar annmarki sé á búnaði flugvalla eða flugtækjum á jörðu niðri eða rekstri þeirra.
- Ef atvikið eða atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna það flugmálayfirvöldum þess ríkis þar sem þess er krafist.
- 5.2.1. Tilkynna skal 5.1. a) þegar unnt er, hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild með fjarskiptum þegar í stað.
- 5.2.2. Tilkynna skal 5.1. b), c), d) og e) lið samkvæmt gr. 4.3.
- 5.3. Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

6. gr.

Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum.

- 6.1. Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild þegar þurft hefur við stjórn loftfars að víkja frá reglum, fyrirmælum eða bönnum eða brjóta í bága við þau í neyðartilvikum vegna öryggis loftfars eða manna um borð. Ef atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna um það flugmálayfirvöldum þess ríkis.
- 6.2. Ofangreint skal tilkynna með fjarskiptum þegar í stað ef hægt er, annars svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

7. gr.

Þegar framið er stórfellt lögbrot í loftfari eða flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig.

- 7.1. Flugstjóri loftfars skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild svo fljótt sem verða má og, ef unnt er, fyrir landingu:
- a) þegar einhver um borð í loftfari hefur verið tekinn í gæslu,
 - b) þegar einhver hefur framið eða gert sig líklegan til eða hótað að fremja verknað sem ógnaði öryggi, góðri hegðun eða reglu um borð,
 - c) þegar framið hefur verið stórfellt lögbrot í loftfari og þann, er verknaðinn framdi, á að afhenda lögreglu eða öðrum hlutaðeigandi yfirvöldum.

Ath.: Tilkynningarskylda flugstjóra til flugmálastjórnar í þessum tilvikum leysir ekki undan og kemur ekki í stað tilkynningarskyldu til annarra yfirvalda.

8. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964.

9. gr.

Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 30., 44., 46., 47. og 50., sbr. 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ**um flugsýningar og flugkeppni.**

1. gr.

Almennt.

- 1.1. Með flugsýningu er í reglugerð þessari m. a. átt við listflug, hjáflug og hópflug o. þ. h. yfir eða í nánd við þéttbýli eða mannsöfnuð, fallhlífarstökk úr loftfari niður á þess konar svæði, svo og flugkeppni, sem er þannig skipulögð að hún gæti dregið að sér almenna athygli. Leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra þarf til þess að halda flugsýningu.

2. gr.

Umsókn.

- 2.1. Ef nota á flugvöll sem flugmálastjórn ræður verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Skipuleggjandi flugsýningar skal senda flugmálastjórn með riflegum fyrirvara skriflega umsókn um að fá afnot af hlutaðeigandi flugvelli.

Í slíkri umsókn skal tekið fram:

- a) hvenær fyrirhugað sé að halda flugsýninguna,
- b) að hve miklu leyti almenningur eigi aðgang,
- c) hvort aðgangseyrir verði tekinn.

- 2.2. **Umsókn til lögreglufirvalda.**

Samtímis umsókn, skv. gr. 2.1., skal senda umsókn til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Áður en lögreglustjóri veitir samþykki sitt skal hann leita umsagnar flugmálastjórnar. Í slíkri umsókn skulu koma fram eftirfarandi atriði:

- a) nafn, heimili og símanúmer þess sem halda vill sýninguna,
- b) staður og stund væntanlegrar flugsýningar,
- c) stutt lýsing á flugsýningunni, fyrirhuguð dagskrá og stutt lýsing á hverju atriði. Þar að auki skulu tekin fram í umsókninni eftirfarandi atriði sem nauðsynlegt er að fram komi til þess að flugmálastjórn geti tekið afstöðu til þess hvort leyfa beri sýninguna:
- d) nafn ábyrgs stjórnanda,
- e) hvort heimiluð hafa verið afnot af flugvælinum (sýningarsvæðinu),
- f) skrá yfir þátttakendur og réttindi þeirra,
- g) skrá yfir loftför sem taka eiga þátt í sýningunni (skrasetningarmerki),